

## VIÐAUKI 2

við samstarfssamning HÍ, HA, LBHÍ og HH um stoðþjónustu, dags. 9. maí 2011

### I. Vísindasvið (akademískt mat):

- a. *Skilgreining:* Samningur þessi nær til þeirrar þjónustu vísindasviðs sem lýtur að árangursmati, undirbúningi ráðninga og undirbúningi framgangs akademískra starfsmanna (akademískt mat). Markhópur notenda eru starfsmenn og stjórnendur.
- b. *Markmið:* Samstarf um akademískt mat vísindasviðs miðar að því að samnýta þekkingu og ferla við árangursmat, ráðningar og framgang akademískra starfsmanna, sbr. vinnuskjal um gæðakerfi vegna akademískra starfsmanna og rannsókna sem samþykkt var í verkefnisstjórn samstarfsins 17. janúar 2011.
- c. *Stjórnun:* Þjónustan verður veitt á vísindasviði Háskóla Íslands (VSHÍ) og verður sú eining eflað til að hún geti þjónað öllum skólunum. Stýring á samstarfi skólanna samkvæmt samningi þessum verður í gegnum stýrihóp sem skipaður verður sviðsstjóra vísindasviðs HÍ og ábyrgðarmönnum akademískra matskerfa við hina skólana, þ.e. einn frá hverjum skóla. Stýrihópurinn hefur hlutverki að gegna við innleiðingu, framkvæmd og upplýsingastreymi varðandi samstarfið, þ.e. allt sem ekki lýtur að þróun matskerfanna. Stýrihópurinn var fullskipaður í lok mars 2011.

Helstu verkefni sem stýrihópurinn þarf að vinna að á næstunni:

- i. Aðstoða rektora og samráðsnefndir háskólanna við að ná samkomulagi við félög akademískra starfsmanna um breytingar á stofnanasamningum vegna þessarar innleiðingar (í þeim skólum þar sem það á við).
- ii. Kynningarmál gagnvart akademískum starfsmönnum.
- iii. Móta framkvæmdina og helstu vinnuferli, starfsreglur og samráðsferli, til að tryggja gegnsæi og skýrleika við alla framkvæmd kerfisins.

Önnur atriði er varða stjórnun og framkvæmd matsmála, ráðningarmála og framgangsmála í samstarfinu eru eftirfarandi:

- i. Þróun matskerfisins er í höndum vísindanefndar opinberu háskólanna og matskerfisnefndar opinberu háskólanna, sem allir háskólarnir standa sameiginlega að. Matskerfisnefnd opinberu háskólanna tilnefnir í matsnefndir sem annast endanlegan frágang á stigamati, skv. samningi sem gerður var 2009.
  - ii. Hver háskóli skipar dómnefndir sjálfstætt í hverju ráðningar- eða framgangsmáli í samræmi við ákvæði laga og reglna viðkomandi háskóla. Háskólarnir áforma að setja sér samhljóða vinnureglur um störf dómnefnda í því skyni að samræma störf þeirra og að sammælast um að sömu aðilar verði skipaðir í dómnefndir á hverju fræðasviði yfir ákveðin tímabil, a.m.k. að hluta. Starfsmaður vísindasviðs HÍ starfar sem ritari allra nefndanna.
- d. *Þjónusta og þjónustustig:* Vísindasvið HÍ skuldbindur sig til að veita öllum skólunum sambærilega þjónustu á grundvelli samnings þessa. Í því felst eftirfarandi:

- i. Ársmat: Aðstoð og leiðbeining, athugasemdaferli, úrvinnsla.
  - ii. Grunnmat: Aðstoð og leiðbeining, athugasemdaferli, úrvinnsla.
  - iii. Varðveisla gagna og upplýsingagjöf, grunnöggn afhent reglulega.
  - iv. Sérstakar úrvinnslur skv. beiðni.
  - v. Nýráðningar: Aðstoð og leiðbeining, þjónusta við dómnefndir, athugasemdaferli.
  - vi. Framgangur: Aðstoð og leiðbeining, þjónusta við dómnefndir, athugasemdaferli.
  - vii. Ótímabundin ráðning: Aðstoð og leiðbeining, framkvæmd mats í samvinnu við framgangsnefnd viðkomandi háskóla.
  - viii. Kynningarfundir á vegum vísindasviðs verði haldnir að lágmarki árlega í öllum skólunum.
  - ix. Viðvera starfsmanna VSHÍ í skólunum þremur utan Reykjavíkur verður að lágmarki sem hér segir:
    - a. Háskólinn á Akureyri: 2 dagar á misseri.
    - b. Landbúnaðarháskóli Íslands: 1 dagur á misseri.
    - c. Hólaskóli-Háskólinn á Hólum: 1 dagur á misseri.
  - x. Hver skóli greiðir dómnefndarmönnum beint fyrir þeirra þjónustu í hverju ráðningar- eða framgangsmáli.
  - xi. Starfsmaður vísindasviðs HÍ starfar sem ritari allra dómnefnda og framgangsnefnda.
- e. *Ábyrgð á þjónustustigi:* Sviðsstjóri vísindasviðs HÍ ber ábyrgð á því að þjónusta við alla skólana sé ávallt í samræmi við samning þennan.
- f. *Starfsmannamál:* Miðað er við að frá og með 1. maí 2011 starfi fjórir starfsmenn í fjórum stöðugildum við ofangreind verkefni á vísindasviði (0,5 í viðbót við það sem fyrir var). Til viðbótar er mögulegt að einn starfsmaður hafi starfsstöð að hluta eða öllu leyti við HA, LBHÍ eða HH en um tilhögun slíks starfs yrði samið sérstaklega.
- g. *Eignaréttur:* Hver skóli er eigandi þeirra gagna sem til verða um starfsmenn þess skóla. Eignarhald á ferlum, verklagsreglum og handbókum sem til verða í samstarfinu er sameiginlegt.
- h. *Kostnaðarskipting:* Árlegar greiðslur hvers skóla fyrir þjónustu vísindasviðs eru reiknaðar skv. eftirfarandi:
  - i. Sá kostnaðar sem til skiptingar kemur er beinn launakostnaður og launatengd gjöld miðað við fjögur (4) stöðugildi á vísindasviði auk 12,5% álags fyrir húsnæði, tölvur, síma, starfsmannakostnað og ferðakostnað.
  - ii. Kostnaður fyrir verkefni á vísindasviði skiptist milli skólanna fjögurra í samræmi við fjölda starfsmanna sem bera starfsheitin aðjúnkt, lektor, dósent og prófessor.
  - iii. Kostnaðarskipting hvers almanaksárs er ákveðin í október árið á undan og er hún byggð á launakostnaðaráætlun ársins á eftir og ofangreindu viðmiði (ii) eins og það stendur í 1. október. Allar breytingar á fjölda stöðugilda sem undir samninginn heyra skulu samþykktar af rektorum skólanna.



  
 JM
   
 SPS
   
 SPS
   
 AD




- iv. Áætluð kostnaðarskipting ársins 2011 kemur fram í töflu sem er fylgiskjal við samning þennan. Miðað er við að þjónusta vísindasviðs hefjist 1. febrúar 2011.
- i. *Lykildagsetningar við innleiðingu:* Samstarf um akademískt mat VSHÍ verður tekið upp í áföngum. HA nýtur þjónustu VSHÍ frá mars 2011 og framgangs- og ráðningamál allra skólanna verða unnin með aðstoð VSHÍ frá nóvember 2011. Frá og með árinu 2012 verða allir skólarnir í sama kerfi hvað varðar árlegt mat, ráðningar og framgang.

Reykjavík, 9. maí 2011

  
Rektor Háskóla Íslands

  
Rektor Háskólans á Akureyri

  
Rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

  
Rektor Hólaskóla-Háskólans á Hólum